

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 1. áfanga.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 18. júní 2025 breytingu á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 1. áfanga. Breytingin felur í sér breytingu á deiliskipulagsafmörkun Kapelluhrauns, 1. áfanga, vegna stækkunar Kapelluhrauns, 2. áfanga.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 18. júní 2025 breytingu á deiliskipulagi Kapelluhrauns, 2. áfanga. Í breytingunni felst stækkun deiliskipulagssvæðis yfir svæði sem var ætlað fyrir fyrirhugaða legu Reykjanesbrautar milli áfanga 1 og 2 í Kapelluhrauni. Innan deiliskipulagssvæðisins verða nýjar iðnaðarlóðir og í suðurhluta þess verður til nýtt gatnakerfi. Breyting verður m.a. varðandi flokkun atvinnustarfsemi og á bílastæðaskilmálum.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 28. júlí 2025.

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs,
Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B deild - Útgáfudagur: 30. júlí 2025